

IV. KAFLI

Fagsvið.

24. gr.

Rektor skipar kennurum við Kennaraháskóla Íslands á fagsvið eftir sérhæfingu hvers og eins í samráði við deildarforseta.

25. gr.

Hlutverk fagsviða er að:

1. Vera vettvangur skoðanaskipta, samstarfs og stefnumótunar á viðkomandi sviði.
2. Efla rannsóknir á sviðinu, m.a. með því að stuðla að samstarfi kennara um rannsóknar- og þróunarverkefni.
3. Móta tillögur um umbætur á kennslu á sviðinu.
4. Veita ráðgjöf um aðstöðu til kennslu á sviðinu.
5. Vera ráðgefandi um þróun náms- og kennsluskrár.
6. Leggja fram hugmyndir um verkefni á sviði símenntunar.
7. Vera ráðgefandi um þörf fyrir kennslu á sviðinu.
8. Fjalla um mál sem beint er til sviða.

26. gr.

Fagsvið koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á hverju misseri. Hvert svið skipar fagsviðsstjóra og ritara til eins árs í senn.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Kennaraháskóla Íslands, 15. desember 1999.

Þórir Ólafsson.

Ólafur Proppé.

REGLUR**um starfsskyldur kennara við Kennaraháskóla Íslands.**

1. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru skv. lögum um skólann nr. 137/1997 prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

2. gr.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa eftirfarandi starfsskyldur: Kennsla 48%, stjórnun 12% og nýsköpun þekkingar 40%.

3. gr.

Aðjúnktar geta verið í 25% til 100% starfi við Kennaraháskóla Íslands og sinna þeir kennslu og öðrum störfum sem tiltekin eru í ráðningarsamningi.

4. gr.

Stundakennarar hafa einungis starfsskyldur tengdar kennslu. Um starfsskyldur og kjör þeirra gilda að öðru leyti reglur menntamálaráðuneytisins frá 7. febrúar 1991 um stundakennara við Kennaraháskóla Íslands.

5. gr.

Í því samhengi sem hér um ræðir er *kennsla* bein og óbein samskipti við nemendur. Kennsla getur verið staðbundin innan veggja skólastofunnar (staðkennsla) eða óbundin stað og stund og þá framkvæmd með hjálp fjölbreytilegrar samskiptatækni (fjarkennsla). Leiðsögn við nemendur flokkast sem kennsla. Þegar kennsla er skilgreind sem hluti af starfsskyldum kennara við Kennaraháskóla Íslands er átt við allan þann tíma sem kennarar nota við undirbúning, framkvæmd og mat á námi og kennslu. Sérstakar reglur gilda um útreikning á vinnu vegna kennslu.

6. gr.

Þegar rætt er um *stjórnun* sem hluta af starfsskyldum kennara er átt við ýmis störf sem ekki falla beinlínis undir kennslu eða nýsköpun þekkingar, svo sem þátttöku í almennum fundum, viðtalstíma sem ekki tengjast kennslu í ákveðnum námskeiðum, minniháttar nefndarstörf fyrir skólann o.s.frv.

7. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands eru unnin störf af mismunandi toga sem geta fallið undir samheitið *nýsköpun þekkingar*. Um er að ræða rannsóknir, þróunarverkefni, listsköpun og ýmiss konar hönnunarverkefni. Alhliða starfsmenntaháskóli á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar hefur á að skipa fjölbreytilegri sérfræðiþekkingu og því til staðfestu er reynt að fella þessi verk undir eitt heiti. Kennurum ber að gera grein fyrir verkefnum sem tengjast nýsköpun þekkingar einu sinni á ári.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Kennaraháskóla Íslands, 15. desember 1999.

Þórir Ólafsson.

Ólafur Proppé.

REGLUR

um kjör fulltrúa kennara í háskólaráð, deildarráð og skorarstjórnir við Kennaraháskóla Íslands.

I. KAFLI

Kjörnefnd.

1. gr.

Háskólaráð skipar þriggja manna kjörnefnd til tveggja ára í senn. Skipunartími kjörnefndar miðast við áramót.

2. gr.

Kjörnefnd sér um og er ábyrg fyrir framkvæmd kosninga á fulltrúum kennara í háskólaráð, deildarráð og skorarstjórnir og þeim kosningum öðrum sem háskólaráð felur nefndinni.